



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

LISA3NÚ05

Kennari	Gunnhildur Þórðardóttir-Place, gunnhildur.thordardottir@fss.is																						
Viðtalstími	Viðtalstími mánudaga kl.11.25-12.05 í stofu 301																						
Námsefni	Kennsluefni er útbúið af kennara og eru ýmist ljósrit, upplýsingar af veraldarvefnum, í formi fyrirlestra og vettvangsferða.																						
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um listasögu Vesturlanda frá abstrakt-expressjónisma til dagsins í dag og forsendur sjónlista kannaðar. Horft verður til helstu liststefna, -strauma og -hreyfinga sem mótað hafa tímabilið og hafa að mörgu leyti kollvarpað fyrri hugmyndum okkar um eðli og hlutverk listarinnar. Fjallað verður um ýmsar byltingarkenndar hugmyndir sem fram hafa komið um listina, jafnt sem tilkomu nýrra miðla og aðferða, allt frá umhverfislist, innsetningum og gjörningum, til ljósmyndunar, videólistar og margmiðlunar, auk þess að skoða áhrif þeirra á þróun hefðbundnari miðla. Rýnt verður í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir samtímamyndlistar, þar sem verk einstaka listamanna verða sett í samhengi við þær menningar-, heimspekilegu- og sögulegu forsendur er liggja þeim til grundvallar..																						
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr prófum til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem loka-einkunn í áfanganum: Færri en 10 fjarvistir í raunmætingu og vetrareinkunn 8,5 eða hærri. Athugið að ekki skiptir máli hver er ástæða fjarvistar (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað). <table border="1"> <thead> <tr> <th>Símatsáfangi ☒</th> <th>Lokapróf ☐</th> <th>Sleppikerfi ☐</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Heiti</td> <td colspan="2">Vægi</td> </tr> <tr> <td>Kaflapróf</td> <td colspan="2">40 %</td> </tr> <tr> <td>Könnunarpróf</td> <td colspan="2">30 %</td> </tr> <tr> <td>Verkefni</td> <td colspan="2">20%</td> </tr> <tr> <td>Virkni</td> <td colspan="2">10 %</td> </tr> <tr> <td>samtals</td> <td colspan="2">100 %</td> </tr> </tbody> </table>		Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐	Heiti	Vægi		Kaflapróf	40 %		Könnunarpróf	30 %		Verkefni	20%		Virkni	10 %		samtals	100 %	
Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐																					
Heiti	Vægi																						
Kaflapróf	40 %																						
Könnunarpróf	30 %																						
Verkefni	20%																						
Virkni	10 %																						
samtals	100 %																						
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.																						
Annað sem kennari vill láta koma fram	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting sé góð. Vera með skissubók og blýanta.																						

Grunnþættir menntunar	Læsi: Listgreinalæsi er hæfni til að skilja, skapa, meta og tjá sig í gengum listir eins og tónlist, myndlist, leiklist og dans. Það felur í sér að túlka listir og nota skapandi tjáningu. Sjálfbærni: Sjálfbærni í listgreinum felst í að skapa og vinna með efni og hugmyndir á ábyrgan hátt með tilliti til umhverfis, samfélags og menningar. Heilbrigði og velferð: Heilbrigði og velferð í listgreinum felst í að efla líðan, sjálfstraust og tjáningu með skapandi vinnu og þátttöku í listum. Lýðræði og mannréttindi: Lýðræði og mannréttindi í listgreinum felast í að allir fái að tjá skoðanir sínar, virða aðrar og taka þátt í skapandi starfi á jafnréttisgrundvelli. Jafnrétti: Jafnrétti í listgreinum felst í að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku, tjáningar og sköpunar óháð kyni, uppruna eða getu. Sköpun: Sköpun í listgreinum felst í að sýna frumkvæði, nota hugmyndaflug, skapa nýjar hugmyndir og tjá sig á persónulegan og skapandi hátt.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - helstu stílbrigðum og hreyfingum sjónlista frá abstrakt-expressjónisma til dagsins í dag. - hvernig samfélagsgerð og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna. - verkum leiðandi myndlistamanna á tímabilinu og hugmyndum þeirra. - þeim fjölbreytileika í listsköpun sem einkennir tímabilið. - nýjum miðlum sem listamenn nota. - tengslum heimspeki og myndlistar.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - taka þátt í gagnrýninni og greinandi umræðu um samtímalist með vísun í hugmyndir, kenningar, hugtök og verk listamanna tímabilsins. - miðla hugmyndum samtímalistamanna á fræðilegan og listrænan hátt. - ígrunda og rökstyðja mál sitt. - greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi. - vinna að eigin verkum með tilfinningu og virðingu fyrir sögulegu samhengi. - afla sér þekkingar og heimilda um viðfangsefni sín eftir margvíslegum leiðum. - setja fram og kynna niðurstöður sínar á fjölbreyttan, skilmerkilegan, áhugaverðan og gagnrýnninn hátt.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði. - taka þátt í samræðum í kennslustundum. - greina, túlka og setja í sögulegt samhengi verk og hugmyndir listamanna samtímans. - lesa myndmál samtímalistarinnar og njóta verka samtímalistamanna.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	4 x 2 klst.	8 klst.
Alls		104 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanganum – kennsluáætlun – Minor keys – Venice biennale uppáhaldsnútimalistamaður	Verkefni uppáhaldsnútimalistamaður
2. vika 24.-28. ágúst	Abstrakt -expressionismi	Verkefni – Skilgreining Abstrakt expressionismi 2 skissur – kaflapróf 1
3. vika 31. ágúst-4. september	Neo-Dada	Verkefnavinna 2 skissur
4. vika 7.-11. september	Popplíst Vettvangsferð	Verkefnavinna 2 skissur – kaflapróf 2
5. vika 14.-18. september	Op – list	Verkefnavinna 2 skissur Könnunarpróf 1
6. vika 21.-25. september	Hugmyndalist (Conceptlist)	Verkefnavinna 2 skissur
7. vika 28. september-2. október	Hugmyndalist	Verkefnavinna 2 skissur Kaflapróf 3
8. vika 5.-9. október	Gjörningar	Verkefnavinna 2 skissur
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Naumhyggja	Verkefnavinna Kaflapróf 4 2 skissur
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Naumhyggja	Verkefnavinna 2 skissur Könnunarpróf 2
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Umhverfisverk Vettvangsferð	Verkefnavinna 2 skissur
12. vika 2.-6. nóvember	Fluxus	Verkefnavinna 2 skissur Kaflapróf 5
13. vika 9.-13. nóvember	Feminskir listamenn	Verkefnavinna 2 skissur
14. vika 16.-20. nóvember	Ljósmyndin sem list – Cindy Sherman og fl	Verkefnavinna 2 skissur Kaflapróf 6
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Myndbandslist – Steina Vasulka	Verkefnavinna 2 skissur Könnunarpróf 3
16. vika 30. nóvember-4. desember	Stoðtimi og klára verkefni og próf	2 skissur – 30 skissur allt í allt

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnhildur Þórðardóttir Place